

14.3.2023

Sigtún Þróunarfélag óskar eftir álitum Svf. Árborg á hugmynd um að setja upp skilti fremst í Brúarstræti, þeim stað sem markar upphafið að miðbæjarsvæðinu á Selfossi. Skiltið hefði þann tilgang að bjóða gesti velkomna á Selfoss, vekja athygli á miðbænum og skapa þannig enn jákvæðari fyrstu hughrif en ella þegar komið er yfir Ölfusárbrú.

Meðfylgjandi er gróf skissa af því hvernig svona skilti gæti litið út, en taka skal fram að endanleg útfærsla yrði unnin í samráði við sveitarfélagið og hlutaðeigandi aðila. Fyrstu hugmyndir að útfærslu miða þó við að:

- Skiltið væri fest á milli tveggja súlna, sem væru undirstöður
- Einföld skilaboð í útskornum stöfum sem býður fólk velkomið
- Led-lýsing á stöfum, þar sem hægt væri að stjórna litasamsetningu og birtustigi
- Einfaldur stafrænn skjár undir útskornum stöfum, þar sem hægt er að stýra texta og skilaboðum eftir hentisemi hverju sinni.

Þannig yrði til fallett skilti sem væri hægt að aðlaga og útfæra að árstíðum (sumar, vetur, jól, páskar), viðburðum og uppákomum á svæðinu, o.þ.h. með því að hafa þennan sveigjanleika í litum, skreytingum og skilaboðum.

Sigtún Þrf. óskar eftir upplýsingum um hvort Svf. Árborg styðji þessa hugmynd, og óskar eftir frekara samstarfi við hlutaðeigandi svið/starfsfólk Sveitarfélagsins um hönnunarstaðla, hæða- og málsetningar á skilti og undirstöðusúlna, m.a. með tilliti til gangandi og akandi umferðar undir og í kringum skiltið, sem og annara þátta sem huga þarf að við fullnaðarhönnun á skiltinu.

f.h. Sigtún Þróunarfélags
Vignir Guðjónsson
Framkvæmdastjóri